

## Rytmísk tónlist –strokhljóðfæri

Tónlistarskóli Árneseinga býður upp á leiðsögn í rytmískri tónlist fyrir strengjanemendur (fiðlu, víólu og selló). Námið er ætlað nemendum í *klassísku námi*, sem lokið hafa grunnprófi á sitt hljóðfæri skv. námskrá, en vilja að auki öðlast góðan grunn í rytmískri tónlist.

**Undanfari:** Grunnpróf

### Viðfangsefni:

- Mismunandi tónlistarstílar kynntir í flutningi og sögulegu samhengi: Djass, latin, blús, fönk, dægurtónlist, þjóðlagatónlist, heimstónlist.
- Grunntækni í spuna
- Hagnýt hljómfræði og tónheyrn

---

### Nokkur atriði varðandi rytmískt nám á strokhljóðfæri.

Upphaf náms í rytmískri tónlist á strokhljóðfæri er með nokkuð öðrum hætti en nám á önnur hljóðfæri sem fjallað er um í rytmískri námskrá. Vegna eðlis strokhljóðfæra er ekki algengt að nemendur hefji tónlistarnám sitt í rytmískri tónlist heldur með hefðbundnum hætti. Hér er því gert ráð fyrir að rytmískt nám á strokhljóðfæri hefjist í miðnámi enda nauðsynlegt að nemendur hafi náð grundvallartökum á hljóðfærunum áður en rytmískt tónlistarnám hefst. Vísað er til almennra klassískra námskráa varðandi grunnnám á þau hljóðfæri sem hér um ræðir en einnig varðandi ýmis sértæk mál á öllum námsstigum sem lúta að hverju hljóðfæri fyrir sig, svo sem upphaf náms, tónmyndun, tækni og tónsvið, leikmáta og hraða tónstiga.

*(Aðalnámskrá tónlistarskóla – rytmísk námskrá)*

### Hér fyrir neðan eru upplýsingar úr klassískum námskrám um fiðlu, víólu og selló.

(Undir hljóðfæraheitunum eru virkar krækjur - smellið á nafn hljóðfæris).

#### [Fiðla](#)

#### [Vióla](#)

#### [Selló](#)

